



Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1899-1943, 1. hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Framsóknarflokkurinn – Breiðum vorhug um land – Hlynur Berglandsson – Alþingis- og kosningarímur – Egill austræni – Eimskipafjelag Íslands – Jón Jensson – Ný-Valtýskan – Landsrjettindin – Bjarni Jónsson frá Vogi – Tryggvi Gunnarsson – Matthías Jochumsson – Akureyrarkaupstaður – Reykjavík – Frumvarp til dansk-íslenskra sambandslaga – Verslunarráð Íslands

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-10, Örk 5

Frá aðdraganda „handjárnastarfsemi“ Framsóknar.

R e g l u r

um það með hverjum hætti mál verði gjört að flokksmáli í Framsóknarflokknum.

1.
Pá er flokksmaður óskar að mál, einstök atriði þess eða málið í heild sinni, skuli gjört að flokksmáli, skal hafi bera fram tillögu um það á flokksfundi.

2.

Ef helmingur flokksmanna, sem viðstaddir eru á fundinum, geldur tillöggunni jákvæði, skal formaður flokksins, áður en liðnir eru tveir sólarhringar halda nýjan flokksfund um málið, til endanlegrar atkvæðagreiðslu um það. Skal þess getið á fundarbodi þess fundar, að atkvæðagreiðsla eigi að fara fram um það að gera mál að flokksmáli.

3.

Að loknum umræðum um málið skal fara fram skrifleg atkvæðagreiðsla. Þarf 3/4 flokksmanna til þess að samþykkja tillöguna.

4.

Ef einhver flokksmaður ~~er~~ ekki staddur á fundi er atkvæðagreiðsla fer fram um flokksmál, skal formaður, í tæktíð, tilkynna honum úrslit atkvæðagreiðslunnar.

5.

Nú hefir verið fullnægt öllum þeim skilyrðum, sem nefnd eru hjer að framan, og eru þá allir flokksmenn skyldir til að greiða atkvæði í samræmi við flokkssamþykktina, og gefa því sjerstakar gætur, að vera viðstaddir þá eða þær atkvæðagreiðslur, sem fjalla um málið.

BREIÐUM VORHUG UM LAND.

Orkt til flokksþings Framsóknarmanna
í Reykjavík 1931.

Lag: Sjá, hin ungborna tíð.

Hefjum brag enn á ný,
syngjum hjörtu vor hlý,
kveðum hug vorn og sál
í eitt einingarbál.
Syngjum birtu' yfir lýð,
kveðum bjarkir í hlíð,
nú skal byrjað á ný
okkar framsóknarstrið.

Látum eldhug og þor
marka öll okkar spor.
Stöndum öflugt og þétt,
verjum sannleikans rétt.
Vermi samtaka-sól
okkar byggðir og ból,
látum broðurhug efla
vorn framsóknarstól.

Þótt að fáviska' og nið
geri hamramma hrið,
skal ei hatursins tönn
okkur boka um spönn.
Látum sannleikans völd
sigra afturhalðs öld;
hér skal ögrandi hefja
vorn framsóknarskjöld.

Og þótt dimmi yfir grund,
geysi stormur um stund,
höldum stefnunni rétt,
því að mark vort er sett.
Verum bjartsýnir enn,
sjá, það birtir nú senn,
hefjum blysin, því vér
erum framsóknarmenn.

Breiðum vorhug um land,
látum geysa vorn gand.
Dreifist gróandi fræ
yfir merkur og sæ.
Blómgist æskunnar vor,
hennar afl, hennar þor,
hvergi óttist að stiga
sín framsóknarspor.

Hlynur Berglandsson.

Flokksþing Frámsóknarmanna

31. mars til 9. apríl

1931

Gildir fyrir

Benedikt Þeimisdóttir

Alþingis- og kosningarímur frá 1923-'24.

Eftir
Egil austræna.

Útgef.: Kr. Jónsson.

Prentsmiðjan Gutenberg hf. — 1923.

KÓNGS með lund frá kotungs bæ
kempur happaslingar
forðum stýrðu fleyi' um sæ
frægir Íslendingar.

Þreyttu kapp við ofurafl
öngvir fundust slíkir,
lifs og dauða tefldu tafl
til-finninga ríkir.

Brynu klæddir vóðu völl
veifuðu rauðum brandi,
vina sinna tryggða tröll,
taldir ósigrandi.

Vígum lýstu hetjur hátt,
hræddust aldrei dauðann,
óvin löngum ljeku grátt
lögðust vart á snauðan.

Ýmsir mistu fje og fjör
fyrir þeirra slögum,
mög var íslenzk frægðarför
farin á landnáms dögum.

Nú er komin önnur öld,
öll eru sverðin brotin,
undir moldu hvíla köld
kappa beinin rotin.

Margt er orðið býsna breytt,
burt er stál og galdr.
Vopnin eru ekki neitt
utan málaskvaldur.

ENN eru blóðug einvíg háð,
enn um líf er barizt
enn eru bana brugguð ráð
bæði sótt og varizt.

Gefið hljóð og hlustið á
hver í sínum sporum
þá skal greina þreknunum frá
þingmannsefnum vorum.

Íslands mikilmenni öll
með stórhefðar konum
ólmast galin eins og tröll
útaf kosningonum.

Mála örvar, mála sverð,
mála spjót og stengur,
nú er alt á flugi' og ferð,
flest úr skorðum gengur.

Heiðursmenn og höfðingjar
hernaðar sporin stíga,
æða frægar fylkingar
fram til mála víga.

Fyrst skal telja mikinn mann
magnaðan fitons krafti
út til víga ötull hann,
aldrei gekk í hafti.

Þessi garpur það er Jón
þó hann margan skaði,
hann var ekki fæddur flón
flóann þó hann vaði.

Hans er öxi há og breið
hún um Sogjð beygist,
austur að Þjórsá alla leið
á henni skaftið teygist.

Rösklegur í reynd og sjón
rennur honum móti
fram til víga vaskur Jón
veifar breiðu spjóti.

Jokob sækir frægur fram,
fimur brandinn reiðir,
löngum tamur geiraglam
garpa niður sneiðir.

Ægishjálm í augum ber
áfram treður grundir,
burtu fælist fjanda her,
frónið stynur undir.

Hjeðinn klæddur tóbakstoll,
týgjaður breiðu spjóti
greiður fram með glímuhrroll
geisist honum móti.

Furðulega feitur er,
fagurt glæsimenni,
landsverzlun á baki ber
boginn undir henni.

Grimm er sókn og grimm er vörn,
gneistar úr augum hrjóta,
sára elfur ofan í tjörn
út frá báðum fljóta.

Hallbjörn valda vopni kann,
vanur sverða glingri,
sendir eitur örvar hann,
út frá hverjum fingri.

Magnús huguð hetja kná,
hann við einvíg þreyfir,
bitran skekur benja ljá
bana mörgum veitir.

Lárus nefnist kempa, kná
 hvergi bugast lætur,
 Vígalegur velli á
 valdmanns-sonur mætur.

Því er spáð um þennan svein,
 þegar stundir líða,
 muni vörgum vinna mein,
 veglega hópinn prýða.

Orustan er geysi-grimm,
 garpar fjendum ragna,
 meðan tórir Magnús fimm
 má ei sigri fagna.


Brestur orð jeg þagna þá,
 þrýtur dagsins skíma,
 fleiri hraustum hetjum frá
 hermir næsta ríma.

Góður andi gleðiskál
 gefi sprundi fríðu,
 sendi landi sólar-bál,
 sunnanvind og þíðu.

Ís Ög

fyrir

h.f. Eimskipafélag Íslands



Reykjavík 1917
Ísafold — Ólafur Þjörnsson

Prentuð í apríl 1917.

Lög

fyrir
„Hlutafélagið Eimskipafélag Íslands“.

I. kafli.

Nafn félagsins, heimilisfang þess og tilgangur.

1. gr.

Nafn félagsins er »Hlutafélagið Eimskipafélag Íslands«.

2. gr.

Aðalskrifstofa félagsins, heimilisfang þess og varnarþing er í Reykjavík. Skal aðalskrifstofa, heimilisfang félagsins og varnarþing jafnan vera á Íslandi og má því ákvæði aldrei breyta.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að reka siglingar, aðallega milli Íslands og annara landa og við strendur Íslands, og má því ákvæði aldrei breyta.

II. kafli.

Hlutafé félagsins og hlutabréf.

4. gr.

Stofnfé félagsins er 400,000 krónur, og skiftist það i 25 kr., 50 kr., 100 kr., 500 kr., 1000 kr., 5000 kr. og 10,000 kr. hluti. Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutaféð upp í 800,000 kr., og enn fremur auk þess um 400,000 kr., ef landssjóður kaupir hluti í féluginu, eins og gert er ráð fyrir í lögum síðasta alþingis um strandferðir. Félagsstjórnin hefir heimild til að semja við landsstjórnina um að félagið taki að sér strandferðir. Til aukningar hlutafjárlins fram yfir það, sem hér segir, þarf samþykki félagsfundar.*)

Pegar hlutaféð er aukið, skal jafnan bjóða aukninguna fyrst í 3 mánuði mönnum búsettum á Íslandi, áður en hún er boðin út annarstaðar. Bjóðist meira fé innanlands, en óskað er eftir, skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að hinum nýju hlutum að tiltölu við skrásetta hlutaeignsina í féluginu á þeim tíma, er stofnfjáraukning fer fram, með þeim skilmálum og eftir þeim reglum, sem félagsstjórnin ákveður í hvert skifti.

*). Á aðalfundi félagsins 23. júní 1916 var samþykkt að auka hlutaféð upp í 2 miljónir króna.

5. gr.

Hlutabréfin skulu gefin út og undirskrifuð af formanni félagsins og þrem meðstjórnendum. Hlutabréfi hverju skulu fylgja arðmiðar, undirritaðir af formanni félagsins, og verður ársarður sá, sem útborga ber í hvert skifti, greiddur gegn afhending arðmiða fyrir það ár, og er greiðslan gild þótt afhendandi arðmiðans hafi ekki rétta heimild á honum. Nú gefur félagsstjórnin út hlutabréf á árinu og skal þá greiða aðeins til-tölulegan arð af því hlutabréfi fyrir þann hluta, sem eftir er ársins á útgáfudegi. Auglýsa skal í því blaði, sem flytur stjórnarvaldauglýsingar á Íslandi og í islenzku blaði í Vesturheimi, þegar að afloknum aðalfundi ár hvert, hver ársarður verði goldinn af hlutabréfum, svo og jafnframt tiltaka banka í Winnipeg, sem annist útborgun þess ársarðs til hluthafa, sem búsettir eru í Vesturheimi, og skal kvittun frá bankanum teljast fullnægjandi gagnvart féluginu.

Arðmiði er ógildur, er ekki hefir verið krafist greiðslu á honum áður en 4 ár eru liðin frá gjalddaga hans, en upphæð hans legst í varasjóð félagsins. Hlutabréfinu fylgja einnig arðmiðastofnar og gegn afhending þeirra fást nýjar arðmiða-arkir.

Nú glatast hlutabréf, og skal þá gefa út nýtt hlutabréf í þess stað, þá er fengin er ógilding

lögum samkvæmt á hinu glataða hlutabréfi. Þó má félagsstjórnin gefa út nýtt hlutabréf i stað þess, er glatast hefir, þegar henni þykja nægar sönnur færðar á, að bréfið sé glatað.

Hlutabréfum, sem skemst hafa, má skifta fyrir ný, þá er skilyrðum þeim er fullnægt, er félagsstjórnin setur í hvert sinn. Fyrir útgáfu nýrra hlutabréfa i stað glataðra og skemdra skal greiða minst 1 kr., er renni í varasjóð.

Hlutabréfin skulu öll vera flokkuð eftir bókstöfum og tölusett með áframhaldandi tölum innan hvers flokks. Þau skulu hljóða á nafn eiganda. Stjórnin skal ávalt halda skrá yfir alla hluthafa. Skal þar tilgreina, hve mikil i hlutabréfum og hvaða hlutabréf hver hluthafi eigi og enn fremur tilgreina þar nákvæmlega öll eigendaskifti að hlutabréfum, og hvenær þau hafi verið skráð á hluthafaskrána.

Til þess að eigendaskifti að hlutabréfi, á annan hátt en fyrir arftöku, séu gild gagnvart félaginu, þarf samþykki félagsstjórnarinnar á sölunni, og getur félagsstjórnin neitað að gefa slikt samþykki, svo framarlega sem hún álitur, að félaginu eða hagsmunum þess geti að einhverju leyti stafað hætta af sölunni. Um leið og stjórnin tilkynnir samþykki sitt á eigendaskiftum, skal tilfæra nafn hins nýja eiganda á hluthafaskránni.

Nú verða eigendaskifti fyrir arftöku, og skal þá tilkynna stjórninni nafn hins nýja eiganda, en hún tilfærir það á hluthafaskránni.

6. gr.

Hluthafar skulu án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar frá þeirra hálfu skyldir að lúta lögum félagsins eins og þau nú eru eða þeim síðar kann að verða breytt á löglegan hátt. Þó verða hluthafar að sjálfsögðu eigi skuldbundnir, með fundarályktun eða lagabreytingu, til þess að auka innstæðu sína í félagini.

Hluthafar bera enga ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir það, sem þeir hafa lagt eða skuldbundið sig til að leggja í félagið sem hlutafé. Þessu ákvæði má aldrei breyta.

III. kafli.

Félagsfundir.

7. gr.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum félagsmálum með takmörkunum þeim, sem lög þessi setja. Til þess að félagsfundir séu lögmætir verða að hafa verið afhentir aðgöngumiðar að fundinum fyrir að minsta kosti 33% af öllu atkvæðisbæru hlutafé, og skal þar með

talinn sá partur af hlutum landssjóðs, er til greina kemur við atkvæðagreiðslu á fundum.

8. gr.

Aðalfundur skal haldinn í Reykjavík í júní-mánuði ár hvert. Skal stjórnin boða til hans með auglýsingi, sem birtist þrisvar í blaði því á Íslandi, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar og einu sinni í einu blaði i hverjum landsfjórðungi, sem stjórnin telur viðlesnust, svo og einu islenzku blaði í Vesturheimi, með minst þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu fundarboðsauglýsingarinnar. Dagskrár, samkv. 13. gr., sé getið í fundarboði.

9. gr.

Aukafundi skal halda þegar stjórn félagsins þykir við þurfa, samkvæmt fundarályktun, eða þegar þess er krafist skriflega af að minsta kosti fimmtíu hluthöfum, enda hafi þeir umráð yfir að minsta kosti $\frac{1}{12}$ hlutafjárins; skal jafnframt kröfunni um fundinn skýrt frá því, í hvaða tilgangi fundarins er krafist. Stjórnin skal hafa afgreitt frá sér auglýsinguna um fundinn innan 7 daga frá því er krafan kom henni í hendur.

Aukafundir skulu haldnir í Reykjavík, og skal til þeirra boða með sama fyrirvara og á

sama hátt sem til aðalfunda, sbr. 8. gr. Dagskrár sé getið í fundarboði.

10. gr.

Rétt til að sækja fundi félagsins hafa þeir einir, sem staðið hafa sem hluthafar á hluthafaskrá 10 næstu daga áður en fundurinn er haldinn. Hluthafar geta falið öðrum atkvæðisbærum hluthöfum að fara með atkvæði sín á fundum; þó geta þeir, sem sæti eiga í stjórn félagsins, eigi farið með umboð fyrir aðra; þetta nær þó eigi til þeirra stjórnenda, sem heima eiga í Vesturheimi *). — Nú veitir hluthafi umboð til þess að sækja fyrir sig fundi og telst umboðsmaðurinn þá hafa umboð til að sækja fyrir hönd hans einnig fundi félagsins framvegis, þangað til umbjóðandinn tilkynnir félagsstjórninni, að umboðið sé asturkallað. Hætti umboðsmaður að vera atkvæðisbær hluthafi, getur hann ekki farið með umboðið á fundum. Hluthafar, sem eiga rétt á að sækja og vilja sækja eða láta sækja fundi, skulu fyrir fundinn, á þeim tíma sem stjórnin auglýsir, sjálfir eða umboðsmenn þeirra með gildum umboðum, snúa sér til skrifstofu félags-

*) Sbr. bráðabirgðaákvæði í lögum þeim sem samþykkt voru á stofnfundi og lög nr. 53, 30. nóv. 1914.

ins í Reykjavík og fá þar aðgöngumiða til fundarins undirritaðan af ritara félagsins, en á honum skal tilgreint nafn hluthafans eða umboðsmanns hans, ef um umboð er að ræða, og hversu mörg atkvæði hann hafi samkvæmt því á fundinum.

Eitt atkvæði er fyrir hverjar 25 krónur, sem hluthafi á í félaginu. Þó getur enginn hluthafi átt fleiri atkvæði en 500 alls fyrir sjálfan sig og aðra.

Ef hluthafar í Vesturheimi fela á fundi þeim í Winnipeg, er um ræðir í 17. grein, umboðsmanni eða umboðsmönnum búsettum í Vesturheimi að fara með atkvæði sín, og hlutaeign þeirra að meðtalinni blutaeign umboðsmannsins eða umboðsmannanna sjálfra samsvarar alls meiru en 500 atkvæðum, skal atkvæðatala sliks umboðsmanns eða umboðsmanna þó eigi vera takmörkuð sem að framan greinir, heldur getur hún orðið jafnmikill hluti af samanlagðri tölu allra atkvæða umboðsmannsins fyrir sjálfan sig og aðra eins og aðgöngumiðar hafa verð afhentir að fundinum fyrir miklum hluta af atkvæðibæru hlutafé annara en Vestur-Íslendinga, þannig t. d., að ef aðgöngumiðar hafa verið afhentir fyrir $\frac{3}{5}$ alls atkvæðisbærs hlutafjár annars en Vestur-Íslendinga, þá getur umboðsmaðurinn eða umboðsmennirnir neytt á fundinum $\frac{3}{5}$ af þeim atkvæðum, sem hann eða þeir eiga eða þeim hafa verið falin.

At hluta-

fje landssjóðs telst svo mikið atkvæðisbært, sem nemur 25 krónum fyrir hvert atkvæði, sem landssjóður hefir.

Farið skal eftir skýrslu, er ritari félagsstjórnarinnar gefur um afhendingu aðgöngumiða.

Ef þeir samningar verða, að landssjóður gerist hluthafi í félaginu fyrir 400.000 krónur (sbr. 4. gr.) má semja svo um, að atkvæðisrjettur hans verði, sem hér segir:

Á meðan hlutafé félagsins að meðtoldu hlutafé landssjóðs (kr. 400.000) fer eigi fram úr einni miljón króna, skal landssjóður hafa 4000 atkvæði. Þar eftir fær landssjóður enn fremur eitt atkvæði fyrir hverjar 125 krónur af hlutafé, sem við bætist, unz öll hlutafjárupphæð félagsins nemur svo miklu, að landssjóður hefir fengið eitt atkvæði fyrir hverjar 25 krónur af hlutafé sinu. Um þáttoku landssjóðs í kosningu stjórnar og endurskoðenda fer eftir ákvæðunum í 13. og 17. gr.

11. gr.

Aðaltillögur þær, sem koma eiga fram á fundi, skulu vera til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins viku fyrir fundinn. Þó má gera undantekning frá þessu á fundi með $\frac{5}{6}$ greiddra atkvæða. Dagskráin fyrir fundinn skal liggja frammi jafnlangan tíma á skrifstofunni. Viðauka

og breytingatillögur við aðaltillögur, er löglega eru fram komnar, má bera upp á fundinum sjálfum þótt hluthöfum hafi ekki áður verið gefinn kostur á að kynna sjer þær.

Tveim vikum fyrir hvern aðalfund skal reikningur félagsins fyrir hið liðna ár ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarinnar og tillögum endurskoðenda til úrskurðar, vera til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins.

12. gr.

Félagsfundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kýs, og kveður hann sér fundarskrifara. Fundarstjóri sker úr öllu, sem snertir lögmæti fundarins, samkvæmt ákvæðum félagslaganna, form umræðanna, meðferð málanna á fundum og atkvæðagreiðslur, sem þó skulu fara fram skriflega, ef einhver fundarmanna krefst þess.

13. gr.

Á aðalfundi skulu eftirtalin mál tekin fyrir í þeiri röð sem hér segir:

a. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á liðnu starfsári og frá starfstilhöguninni á yfirstandandi ári og ástæðum fyrir henni og leggur fram til úrskurðar endurskoðaða rekstrarreikninga fyrir hið liðna ár og

efnahagsreikning með athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarinnar og tillögum til úrskurðar frá endurskoðendum. Reikningarnir skulu svo úrskurðaðir á fundinum, nema úrskurði sé frestað vegna vantandi upplýsinga, þó má ekki fresta úrskurði lengur en til næsta aðalfundar.

b. Tekin ákvörðun um tillögur stjórnarinnar um skiftingu ársarðsins.

c. Kosið skriflega í stjórn félagsins.

d. Kosnið endurskoðendur samkv. 21. gr. Ef þeir samningar verða, að landssjóður gerist hluthafi í félaginu fyrir 400,000 krónur, má ákveða í samningum við landsstjórnina, að ráðherra skuli skipa þriðja endurskoðandann til eins árs í senn.

e. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál, sem upp hafa verið borin löglega.

14. gr.

Á aukafundum verður að eins tekin ályktun um þau mál, er nefnd hafa verið í fundarboðinu, nema fundurinn samþykki annað með 5% greiddra atkvæða.

15. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum á félagsfundum. Þó verður lögum félagsins eigi breytt og félag-

ið eigi sameinað við önnur félög eða fyrirtæki, nema á fundi séu eigendur og umboðsmenn fyrir eigendur $\frac{2}{3}$ hlutafjárlins, enda sé slikt samþykkt með $\frac{3}{4}$ hlutum greiddra atkvæða á fundinum. Ef eigi sækja nógu margir slikan fund, skal innan 14 daga boðað til nýs fundar á sama hátt sem segir í 8. gr. Ræður sá fundur málinu til lykta með $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða, án tillits til þess, hve margir hluthafar sækja fundinn.

Tillögur um breyting á lögum félagsins eða sameining þess við önnur félög eða fyrirtæki má eigi taka til meðferðar á fundi, nema þess hafi verið getið sérstaklega í fundarboðinu, að slikein tillögur komi fyrir fundinn.

16. gr.

Í sérstaka gjörðabók skal rita allar fundarsamþyktrir og stutta skýrslu um annað, er gerist á félagsfundum. Fundargerðirnar skulu lesnar upp í fundarlok og bornar undir atkvæði og undirskrifa þær fundarstjóri og fundarritari. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, er fram hefir farið á fundinum.

IV. kafli.

Stjórn félagsins.

17. gr.

(Eins og henni var breytt á aðalfundi 23. júní 1916).

Stjórn félagsins skipa 9 menn úr flokki hluthafa og skulu þeir vera búsettir í Reykjavík, nema tveir, sem mega vera Íslendingar búsettir í Vesturheimi.

Ef þeir samningar verða, að landssjóður gerist hluthafi í félaginu fyrir 400.000 kr. sbr. 4. gr., má félagsstjórnin semja svo um við landsstjórnina, að ráðherra skuli skipa einn hluthafa búsettan í Reykjavík í stjórn félagsins til eins árs í senn, enda hafi landssjóður þá ekki að óðru leyti atkvæði um stjórnarkosningu.

Aðrir stjórnendur en sá, sem ráðherra kann að skipa samkvæmt framanskráðu, skulu kosnir á aðalfundi. Skulu tveir þeirra jafnan kosnir eftir tilnefningu vestur-islenzkra hluthafa, en hinir eftir tilnefningu annara hluthafa, að undanskildum landssjóði. Kosningin gildir til tveggja ára, og gangi menn úr stjórn á hverjum aðalfundi eftir kjöraldri. Á aðalfundi 1916 ganga þó 3 úr stjórn eftir hlutkesti, en 5 skulu kosnir í staðinn, og á aðalfundi 1917 ganga þeir 3 úr, er þá sitja enn í stjórn samkvæmt kosningu stofnfundar og jafnmargir kosnir í

staðinn. Á aðalfundi 1918 ganga 4 úr eftir hlutkesti af þeim 5, sem kosnir voru á aðalfundi 1916 og jafnmargir kosnir í staðinn.

Heimilt er að endurkjósa mann í stjórn.

Stjórnarkosningin fer þannig fram:

Þegar vestur-islenzkum hluthöfum ber að tilnefna mann eða menn í stjórn, skulu tvöfalt fleiri hluthafar, en kjósa á, tilnefndir á almennum fundi hluthafa vestan hafs, sem haldinn sé í Winnipeg, eftir þeim reglum, sem samþyktar verða á slikum fundi, ádur en tilnefning fer fram í fyrsta skifti. Tilnefning þessi skal fara fram svo snemma, að hún verði tilkynt aðalfundi félagsins, þeim er kjósa á stjórnarmennina. Í annan stað skulu hluthafar, aðrir en landssjóður og þeir, sem búsettir eru í Vesturheimi, tilnefna á aðalfundi næst á undan stjórnarkosningu tvöfalt fleiri úr flokki hluthafa búsettra í Reykjavík, en kjósa ber eftir tilnefningu þessa flokks hluthafa. Síðan fara fram bundnar kosningar, fyrst um stjórnanda eða stjórnendur, sem kjósa ber samkvæmt tilnefningu hluthafa vestan hafs, síðan um stjórnendur þá, sem kjósa ber samkvæmt tilnefningu annara hluthafa, að undanskildum landssjóði, þannig, að kosið er um þá eina, er tilnefndir hafa verið, og fer um atkvæðisrétt hluthafa, annara en-

landssjóðs, við þær kosningar eftir ákvæðum 10. greinar.

Ef sæti verður autt i stjórninni milli tveggja aðalfunda, kýs stjórnin annan hluthafa í staðinn til að vera í stjórn til næsta aðalfundar, ef henni þykir þess þörf. Næsti aðalfundur kýs því næst mann í skarðið fyrir þann, sem frá fór. Kjörtími hans nær eigi lengur en til þess tíma, sem sá átti að fara frá, er hann er kosinn í staðinn fyrir.

18. gr.

Stjórnin kýs sér formann, varaformann, ritara og vararitara og skiftir með sér störfum að öðru leyti, og ákveður jafnframt, með hve löngum fyrirvara og hvernig boða skuli til stjórnarfunda. Fundum stýrir formaður eða varaformaður. Ræður afi atkvæða. Fundarstjóri hefir atkvæðisrétt og neytir hans sem aðrir fundarmenn. Nú eru jöfn atkvæði, og skal þá talinn meiri hluti, er hefir atkvæði formanns síns megin. Stjórnin heldur fundi þegar formanni þykir við þurfa, en auk þess er formanni skyld að boða til fundar, þegar þrír stjórnendur eða tveir endurskoðunarmenn krefjast þess. Stjórnarfundi skal halda í Reykjavík. Það sem gerist á stjórnarfundum skal bóka í gerðabók félagsins, og ritar stjórnin undir.

Ályktanir þær, sem gerðar eru á stjórnarfundum eru gildar, þegar fjórir stjórnendur hafa sótt fund.

Stjórnin ræður öllum félagsmálum milli funda og getur skuldbundið félagið og eignir þess með ályktunum sinum og samningum, og þar á meðal veðsett þær. Þó þarf samþykki fimm stjórnarmanna til slikra veðsetninga. Samþykki félagsfundar þarf til þess að láta byggja skip svo og til að kaupa og selja skip. Stjórnin hefir almenna umsjón með rekstri félagsins og fjárhag þess. Hún ræður útgerðarstjóra og vikur honum frá. Hvorki útgerðarstjóri né féhirðir mega eiga sæti í stjórn félagsins. Hún ræður og, í samráði við útgerðarstjóra, féhirði og vikur honum frá. Útgerðarstjóri og féhirðir setja hæfilega tryggingu. Útgerðarstjóri skal jafnan leita úrskurðar stjórnarinnar um mikilsverð málezni, sem félagið varða. Undirskrift formanns og priggja annara stjórnenda eru skuldbindandi fyrir félagið gagnvart öðrum.

19. gr.

Útgerðarstjóri kemur fram fyrir félagsins hönd gagnvart öðrum í öllum þeim málum, sem snerta venjulega útgerð, slika sem þá, er félagið fæst við. Hann undirskrifar bréf og annað þar að lútandi fyrir félagsins hönd. Hann

sér um, að haldin sé nákvæm reikningsfærslu um tekjur og gjöld félagsins, með því fyrirkomulagi, sem stjórnin samþykkir, ræður skipstjóra, vélastjóra og aðra starfsmenn og víkur þeim frá. Handbærir peningar skulu jafnan standa í banka í Reykjavík undir nafni félagsins á þann hátt, sem stjórn félagsins ákveður. Um laun útgerðarstjóra og féhirðis, trygging af þeirra hendi fyrir fé félagsins, er þeir hafa með höndum, uppsagnarfrest þeirra o. s. frv. fer eftir samningi þeirra við stjórn félagsins. Skal útgerðarstjóri skyldur að gefa félagsstjórninni greinilegt yfirlit yfir rekstur félagsins og fjárhag þess á hverjum ársfjórðungi.

V. kafli.

Reikningshald, endurskoðun, skifting ársarðs m. m.

20. gr.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið. Fyrsta starfs- og reikningsár telst frá stofnun félagsins til 31. des. 1915.

21. gr.

Tveir skulu vera endurskoðendur félagsins, kosnr á aðalfundi til tveggja ára í senn. Fer annar frá á aðalfundi ár hvert. Fyrsta árið ræður hlutkesti hvor frá fer. Ennfremur skal-

einn varamaður kosinn á aðalfundi til eins árs. Ef þeir samningar verða, að landssjóður gerist bluthafi í félaginu fyrir 400.000 kr., má ákveða í samningum við landsstjórnina, að ráðherra skipi þriðja endurskoðandann til eins árs í senn.

Fyrir marzlok ár hvert skal útgerðarstjóri hafa lokið við reikninginn fyrir undanfarið starfsár. Skal hann þá afhenda stjórninni reikninginn með undirskrift sinni, ásamt fylgiskjölum, en stjórnin skal aftur fá hann í hendur endurskoðendum innan 14 daga frá því hann kom í hennar hendur. Skulu endurskoðendur yfirfara reikninginn og athuga hann grandgæfilega svo og gerðir útgerðarstjóra og stjórnarinnar á liðnu starfsári eftir því, sem tilefni er til, og eiga þeir heimting á að fá í hendur öll skjöl og upplýsingar þar að lútandi. Að lokinni endurskoðun skulu þeir, þó eigi síðar en 15. maí, láta stjórninni í té athugasemdir sinar við reikninginn. Endurskoðendur og stjórnendur skulu jafnan hafa aðgang að öllum bókum, skjölum og sjóði félagsins til eftirlits, jafnt einn endurskoðenda eða stjórnenda sem allir saman.

22. gr.

Hreinum arði eftir ársreikningnum, að frá-dreginni þeirri upphæð, sem stjórnin ákveður

til frádráttar af bókuðu eignaverði félagsins, skal skift þannig:

a. Aðalfundur ákveður, hversu mikið skuli leggja í endurnýjunar- og varasjóð.

b. Aðalfundur ákveður, hver laun skuli greiða stjórnendum félagsins og endurskoðendum fyrir störf þeirra. Þó mega laun stjórnenda félagsins eigi fara hærra en sem svari 500 krónum fyrir hvern stjórnarmann árlega.

c. Aðalfundur ákveður, hversu miklu fé skuli útbýtt hluthöfum.

d. Hafi hluthöfum verið útbýtt 6% eða meira af hlutafénu, skal aðalfundur ákveða hversu mikkið skuli greiða útgerðarstjóra aukreitis sem ágóðaþóknun (tantiéme), en aldrei má sú ágóðaþóknun nema meiru en 2000 kr. fyrir hvert ár.

e. Það sem þá verður eftir yfirfærist til næsta árs.

Arðinn skal greiða þegar er hann hefir verið ákveðinn á aðalfundi, og telst gjalddagi arðsins sá dagur, þegar aðalfundur úrskurðar hann. Stjórnin skal leggja fyrir félagið tillögur um skifting ársarðsins. Stjórnendur og útgerðarstjóri, þótt hluthafi sé, hafa ekki atkvæðisrétt um laun og ágóðaþóknun, sem um ræðir í grein þessari.

23. gr.

Skipum félagsins skal jafnan haldið vátrygð-

um fyrir þeirri upphæð, sem stjórnin telur hæfilega, og ræður stjórnin, hvar vátryggja skuli og með hvaða kjörum.

VI. kafli.

Félagsslit.

24. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta féluginu, og fer þá um tillögur þar að lítandi sem um lagabreytingar. Fundur sá, sem samþykkir á lögmaðan hátt að slíta féluginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og um borgun skulda.

Þannig samþykt á stofnfundi félagsins 17./22. janúar 1914 og breytt á aðalfundi 23. júní 1916.

Stjórn félagsins:

Sveinn Björnsson form. *O. Friðgeirsson.*

Jón Gunnarsson.

Eggert Claessen. *Halldór Danielsson.*

Ól. Johnson.

Jón Þorláksson. *H. Kr. Þorsteinsson.*

Árni Eggertsson.

H.f. Eimskipafjelag Íslands.

Aðalfundur 28. júní 1924.

Breytingatillögur

við lög H.f. Eimskipafjelags Íslands.

(Frá fjelagsstjórninni).

1.

Við yfirschrift laganna.

Í stað orðsins »lög« komi »samþyktir« og allstaðar annarstaðar komi »samþyktir« í stað »laga« þar sem það orð kemur fyrir.

2.

Við 3. gr.

Niðurlag greinarinnar »og má því ákvæði aldrei breyta« falli niður.

3.

Við 4. gr.

1. málsgrein orðist svo:

»Hlutafje fjelagsins er . . . kr. og skiftist það i 25 kr., 50 kr., 100 kr., 500 kr., 1000 kr., 5000 kr. og 10000 kr. hluti. Til aukningar hlutafjárins þarf samþykki fjelagsfundar.«

4.

Við 5 gr.

- a. Upphaf greinarinnar »hlutabréfin . . . þrem meðstjórnendum« orðist svo:
»Hlutabréfin skulu gefin út af stjórn fjelagsins og skulu allir stjórnendur setja nöfn sín undir þau. Eiginhandarnöfn, að minsta kosti 3 skulu vera undir hverju hlutabréfum.«
- b. Aftan við 3. málsgrein bætist »enda nemi upphæð brjefsins eigi meira en 100 kr.«.
- c. 4. málsgrein orðist svo:
»Hlutabréfum sem skemst hafa má skifta fyrir ný, ef eigi verður vilst um tölu brjefsins eða efni, enda sje hinu skemda hlutabréfum skilað fjelagsstjórninni. Kostnaðinn við skiftin greiðir eigandi brjefsins.«
- d. Siðari hluti 5. málsgreinar frá og með orðunum »Stjórnin skal ávalt halda skrá yfir alla hluthafa« til enda greinarinnar fellur niður, og í stað þess kemur:

máls-

»Stjórn félagsins skal ávalt halda skrá yfir öll hlutabréf í félaginu í framhaldandi töluröð, samkvæmt því sem fyrir er mælt í 23. gr. laga um hlutfjelög nr. 77, frá 27. júní 1921. Aðra skrá skal stjórnin halda yfir alla hluthafa. Skal þar tilgreina hve mikið í hlutabréfum og hvaða hlutabréf hver einstakur hluthafi á.«

5.

Við 9. gr.

Síðasti hluti 1. málsgreinar »Stjórnin kom henni í hendur« orðist svo:

»Skal stjórnin þá hafa boðað fund innan 14 daga frá því krafan kom henni í hendur, ella geta hluthafar gert það sjálfrir.«

6.

Við 10. gr.

- a. Niðurlag 3. málsgreinar »Af hlutafje landssjóðs o. s. frv.« falli burt, en í staðinn komi ný málsgrein, sem 4. málsgrein svohljóðandi: »Vegna ákvæða 31. gr. laga, nr. 77, 27. júní 1921 um hlutfjelög, getur umboðsmaður eða umboðsmenn Vestur-Íslendinga, eigi farið með meira en $\frac{1}{5}$ samanlagðra atkvæða í félaginu. Sama gildir um umboðsmann ríkissjóðs og alla aðra hluthafa og umboðsmenn þeirra.«
- b. 4. málsgrein 10. greinar standi óbreytt sem 5. málsgrein.
- c. 5. og 6. málsgrein 10. greinar falli burt, en í þeirra stað komi ný 6. málsgrein svohljóðandi: »Um atkvæðamagn ríkissjóðs, að öðru leyti en ákvæðið er í 2. málsgrein 17. greinar og 1. málsgrein 21. greinar fer eftir almennum ákvæðum þessara samþykta.«

7.

Við 13. gr. d lið.

Síðari hluti liðsins frá og með orðunum »ef þeir samningar verða« og og út liðinn, falli niður.

8. gr.

Við 14. gr.

Síðari hluti greinarinnar frá og með orðunum »nema fundurinn« falli niður.

9.

Við 15. gr.

Aftan við 1. málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi:

»Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

- a. Að skylda hluthafa til að leggja fram fje eða annað í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.

- b. Að skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum að einhverju leyti eða öllu, nema fjelagi sje slitið eða hlutafjeð löglega fært niður.
- c. Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.
- d. Að ákveða, ef hlutafjeð skyldi verða aukið, að áskrifendur hafi fyrirgert rjetti sínum til þess að fá hluti fyrir það að greiðsludráttur hefir orðið af þeirra hendi á nokkrum hluta þess sem þeir hafa lofað.
- e. Að breyta tilgangi fjalgsins að verulegu leyti.
- f. Að breyta ákvæðum samþykktanna um atkvæðisrjett, um forrjettindi, ef forgangshlutabréf skyldu verða gefin út, eða um hlutdeild manna í fjalginu eða jafnrjetti hluthafa sín á milli«.

10.

Við 17. gr.

- a. 2. málsgrein falli burt, en komi í hennar stað önnur ný svohljóðandi:
»Fjelagsstjórnin má semja svo um við ríkisstjórnina að á meðan ríkissjóður á minst 100 þús. kr. af hlutafje fjalgsins, þá geti ríkisstjórnin skipað einn hluthafa búsettan í Reykjavík, í stjórn fjalgsins til eins árs i senn, enda hafi ríkissjóður þá ekki að öðru leyti atkvæði um stjórnarkosningu.«
- b. Í stað orðanna: »aðrir en landssjóður« í 3. setningu 6. málsgreinar komi:
»Aðrir en ríkissjóður, ef samningar hafa orðið samkvæt 2. málsgrein þess arnar greinar.«
- c. Í stað orðanna: »að undanskildum landssjóði« í 4. setningu 6. málsgreinar komi:
»Að undanskildum ríkissjóði ef samningar hafa orðið samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar.«

11.

Við 21 gr.

- a. Niðurlag 1. málsgreinar, á eftir »aðalfundi til eins árs« falli burt, en í staðinn komi:
»Fjelagsstjórnin má semja svo um við ríkisstjórnina að á meðan ríkissjóður á minst 100 þús. kr. af hlutafje fjalgsins þá geti ríkisstjórnin skipað þriðja endurskoðandann til eins árs i senn, enda hafi ríkissjóður þá ekki að öðru leyti atkvæði um kosningu endurskoðenda.«
- b. Par á eftir komi ný 2. málsgrein svohljóðandi:
»Endurskoðendur skulu jafnóðum sylgjast með reikningsfærslunni og yfir-fara hana að minsta kosti einu sinni á hverjum hálfum mánuði og sjá jafnótt um lagfæringu á skekkjum, er þeir kynnu að finna. Peir skulu og smám saman gagnrýna það, sem miður þætti fara í gerðum útgerðarstjóra og stjórnarinnar og gera aðfinslur um það til fjelagsstjórnarinnar.«

12.

Við 24. gr.

Síðari hluti greinarinnar frá og með orðunum »Fundur sá« og út greinina, falli niður, en í stað þess komi »Um tilhögun fjalagsslita fer eftir ákvæðum hlutafjelagalaganna.«

13.

Hvarvetna þar sem orðið »landssjóður« kemur fyrir í lögum þessum breytist það í »ríkissjóður«.

NÝ-VALTÝSKAN OG LANDSRJETTINDIN

EPTIR

EINAR BENEDIKTSSON.

REYKJAVÍK.

PRENTAD I FÉLAGSPRENTSMIEJUNNL
1902.

UPPGJÖF LANDSRJETTINDANNA

SAMÞYKKT Á ALÞINGI 1902.

EPTIR

JÓN JENSSON.

REYKJAVÍK.

FJELAGSPRENTSMIÐJAN.
1903.